

Stefnandi gjaldi stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna bæjarfógetans í Keflavík kr. 30.000 í málskostnað. Stefnandi greiði stefndu Einari Jósepsyni og Brunabótafélagi Íslands samtals kr. 30.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1978.

Nr. 93/1976. **Elínborg Þorgeirsdóttir**
 (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
 gegn
Almennum Tryggingum h/f og
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
Guðrúnu Aðalsteinsdóttur
 (Árni Grétar Finnsson hrl.)
 og
Almennar Tryggingar h/f
 gegn
Guðrúnu Aðalsteinsdóttur.

Vátrygging. Siglingalög. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. apríl 1976. Krefst hún þess aðallega, að gagnáfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, verði dæmdur til að greiða sér 1.000.000 krónur með 11,5% ársvöxtum frá 21. júní 1973 til 15. júlí 1974, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr

hendi stefndu, Guðrúnar Aðalsteinsdóttur, óskipt með honum. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 500.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í aðalkröfu, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda, Guðrún Aðalsteinsdóttir, hefur krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. september 1976, að fengu áfrýjunarleyfi 20. ágúst 1976. Dómkröfur hans á hendur stefndu, Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur að því er hana varðar, að öðru leyti en því, að dæmt verði, að vexti af hinni dæmdu fjárhæð beri gagnáfrýjanda aðeins að greiða frá 30. júlí 1974 til greiðsludags, og enn fremur að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður. Kröfur varðandi málskostnað fyrir Hæstarétti gagnvart stefndu hefur gagnáfrýjandi engar gert.

Gagnáfrýjandi hefur eigi gagnáfrýjað málinu að því er varðar aðaláfrýjandann, Elínborgu Þorgeirsdóttur, en krefst sýknu af kröfum hennar í málinu og að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður gagnvart henni.

Skilja verður áfrýjun málsins af hendi aðaláfrýjanda gagnvart stefndu, Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, á þann veg, að þess sé krafist, að hún verði dæmd til að hlíta því, að váttryggingarþætur þær, sem um er deilt í málinu, skuli renna til aðaláfrýjanda, en eigi til stefndu, svo sem dæmt var með dómi sjó- og verslunardóms.

Aðaláfrýjandi hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 30. apríl 1976.

Enginn ágreiningur er um, að aðaláfrýjandi og Aðalsteinu heitinn Sigurðsson hafi búið í óvígðri sambúð, er hann fórst af slysförum.

Samkvæmt málflutningi verður við það að miða, að gagnáfrýjandi hafi slysatryggt skipverja á m/s Sæborgu sameiginlega og gefið út eitt váttryggingarskírteini um slysatrygg-

ingu skipshafnarinnar allrar. Ekki hefur það váttryggingarskírteini eða endurrit þess verið lagt fram í málinu, heldur einungis eyðublað það, sem gagnáfrýjandi notar, er hann gefur út váttryggingarskírteini vegna atvinnuslysáttryggingar sjómanna. Eru þar prentaðir hinir almennu váttryggingarskilmálar gagnáfrýjanda fyrir umrædda slysáttryggingu svo og orðrétt meginmál laga nr. 108/1972 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968 og lög nr. 58/1972. Er ágreiningslaust, að sams konar eyðublað var notað við útgáfu váttryggingarskírteinis vegna skipverja á m/s Sæborgu. Því er ekki haldið fram, að í hinum sérstöku skilmálum váttryggingarskírteinisins hafi verið nein ákvæði um tilnefningu ákveðinna réttthafa til að taka váttryggingarbætur, ef slys ylli dauða þess, sem tryggður var, eða neitt hafi annað verið sérstaklega á skírteinið ritað um þetta atriði. Hins vegar er ágreiningslaust, að tilnefning réttthafa samkvæmt 102. og 103. gr. laga nr. 20/1954 felist í því, að ákvæði 1. tl. a liðs bráðabirgðaákvæðis laga nr. 108/1972 er prentað í skírteinið, en þar segir, að dánarbætur skuli „greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna“.

Fallast verður á það með héraðsdómi, að orðin „nánustu vandamönnum“, sem tekin eru í váttryggingarskírteinið, sbr. áðurnefnt bráðabirgðaákvæði laga nr. 108/1972, beri að skýra með hliðsjón af ákvæðum 5. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954. Það ákvæði tekur eigi samkvæmt beinum orðum sínum til aðaláfrýjanda, þar sem hún var eigi í hjúskap með Aðalsteini Sigurðssyni, er hann fórst. Eigi kemur til álita að beita ákvæði 5. mgr. 105. gr. um maka með lögjöfnun um aðaláfrýjanda, þó að hún hafi búið í óvígðri sambúð með Aðalsteini. Leiðir þetta þegar af því, að í 1. tl. a liðs bráðabirgðaákvæðis laga nr. 108/1972 eru tekin af öll tvímæli um það, að orðin „nánustu vandamönnum“ taki eigi til þeirra, sem ekki eiga arftökurétt eftir þann, sem tryggður var. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um, að gagnáfrýjandi eigi að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í málinu, en honum beri að greiða stefndu, Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, þær váttryggingarbætur, sem um er deilt.

Ósannað er, að gagnáfrýjanda hafi verið tilkynnt um dauða Aðalsteins Sigurðssonar fyrr en um mánaðamótin janúar-febrúar 1974. Verður gagnáfrýjandi því aðeins dæmdur til að greiða vexti af váttryggingarfénu frá 14. febrúar 1974, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954. Reiknast þeir 10% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 15% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 3. mgr. nefndrar greinar.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest, en rétt er, að aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi greiði stefndu óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 130.000 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð reiknast 10% ársvextir frá 14. febrúar 1974 til 15. júlí 1974, en 15% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi, Elinborg Þorgeirsdóttir, og gagnáfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefndu, Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 130.000 krónur.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 29. janúar 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. f. m., höfðaði Guðrún Aðalsteinsdóttir, Hjallabraut 5, Hafnarfirði, fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 27. desember 1974, á hendur Almennum Tryggingum h/f, Reykjavík, til greiðslu tryggingabóta

að fjárhæð kr. 1.000.000 með 11½% ársvöxtum frá 12. júlí 1973 til 15. júlí 1974 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í þinghaldi 12. desember sl. höfðaði Elinborg Þorgeirsdóttir, Leifsgötu 10, Reykjavík, meðalgöngusök í málinu. Á hendur stefnda gerði meðalgöngustefnandi þær kröfur aðallega, að hann yrði dæmdur til að greiða sér kr. 1.000.000 með 11.5% ársvöxtum frá 21. júní 1973 til 15. júlí 1974 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að hann yrði dæmdur til að greiða sér helming þeirrar fjárhæðar á móti aðalstefnanda, þ. e. kr. 500.000, með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu. Á hendur aðalstefnanda gerði meðalgöngustefnandi ekki aðrar kröfur en þola dóm í framangreinda átt.

Aðalstefnandi og stefndi samþykktu að meðalgöngusök fengi komist að í málinu.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af kröfum aðalstefnanda og meðalgöngustefnanda og málskostnaðar úr hendi hvors aðilja um sig.

Málsatvik eru þau, að hinn 21. júní 1973 hvarf Aðalsteinn Sigurðsson, skipverji á m/s Sæborgu, af skipi sínu, sem statt var í Gunnes í Englandi. Þrem dögum síðar fannst lík hans í fljóti, sem borgin stendur við. Sjópróf út af atviki þessu fóru fram hinn 12. júlí 1973. Útgerðarmaður m/s Sæborgar hafði keypt slysatryggingu fyrir skipverja skipsins hjá stefnda samkv. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 108/1972 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963. Hefur stefndi viðurkennt skyldu sína til greiðslu dánarbóta eftir Aðalstein heitinn, kr. 1.000.000, en þar sem bæði aðalstefnandi og meðalgöngustefnandi hafa gert tilkall til að fá þær bætur greiddar til sín, hefur stefndi eigi innt greiðsluna af hendi, en lagði fjárhæðina inn á bankabók í sparisjóði Landsbanka Íslands hinn 7. ágúst 1974.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar á 2. gr. laga nr. 108/1972 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968 og lög nr. 58/1962, bráðabirgðaákvæði, og tryggingaskírteini, sem tekur upp ákvæði laganna, en í 2. gr. laganna segi í 1. tölul.: „Dánarbætur: 1 milljón króna við dauða, er greiðist nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.“ Hvorki í lögnum né í váttryggingarskírteini, sem ekki er deilt um, að hafi verið gildandi að þessu leyti, sé ekki tilgreint (sic), hverjir séu „nánustu vanda-

menn“, og því verði að leita lagaskýringa á því atriði. Í 5. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga segi svo: „Hafi váttryggingartaki tilgreint „nánustu vandamenn“ sína, telst maki hans vera réttihafi, en sé maki eigi á lífi, þá börn hans . . .“ Það sé því aðalstefnandi ein sem skilgetin dóttir Aðalsteins heitins, sem á rétt á umræddum bótum, enda var Aðalsteinn heitinn ókvæntur, er hann lést.

Meðalgöngustefnandi byggir kröfur sínar eins og aðalstefnandi á umræddu váttryggingarskírteini og 2. gr. laganna, bæði a lið og b lið, en í b lið segi: „Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. almannatryggingalaga“. Meðalgöngustefnandi og Aðalsteinn heitinn hafi verið í hjónabandi frá 12. júlí 1959 þar til á árinu 1967, er hjónabandi þeirra hafi verið slitið með lögskilnaði. En á því sama ári hafi þau hafið sambúð að nýju, sem hafi verið óslitin, þar til Aðalsteinn heitinn lést. Hjónaband þeirra hafi verið barnlaust, en Aðalsteinn heitinn hafi átt dóttur, aðalstefnanda málsins, áður en þau Aðalsteinn hafi gengið í hjónaband. Sér hafi verið úrskurðaðar bætur samkvæmt b lið hér að framan af Tryggingastofnun ríkisins. Beri sér því einnig bæturnar samkvæmt a lið, enda sé hún „nánasti vandamaður“ samkvæmt skilgreiningu laganna. Tilgangur lagaákvæðisins sé sá, að þeir aðiljar, sem hinn tryggði hafi haft á framfæri sínu og mestri fjárhagsröskun verða fyrir við dauða hins tryggða, skuli bætt það með margnefndri tryggingu.

Að minnsta kosti beri sér bæturnar að jöfnum hluta á móti aðalstefnanda, en á því byggir meðalgöngustefnandi varakröfu sína.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að bótafjárhæðin, sem stefnt er út af og sér beri að greiða, sé þegar greidd á löglegan hátt, með því að hann hafi hinn 30. júlí 1974 „deponerað“ inn á sparisjóðsbók við Landsbanka Íslands, nr. 143120, merktri skiptaráðandanum í Reykjavík vegna Vilhjálm Aðalsteins Sigurðssonar, eða hálfum mánuði áður en formleg krafa hafi verið höfð uppi á hendur sér um greiðslu bótanna. Fram til 13. ágúst 1974 hafi bótakröfumálið verið á umræðustigi milli sín og lögmanns aðalstefnanda, en áður hafi lögmaður meðalgöngustefnanda gert kröfu um greiðslu bótanna fyrir hennar hönd. Það hafi ekki verið á sínu valdi að skera úr um það, hvor þessara tveggja aðilja væri réttihafi bótagreiðslunnar, og því hafi hann valið þá leið að leggja fjárhæðina inn í banka. Mótmælir stefndi

Því vaxtakröfu beggja hinna stefnandi aðilja umfram þá vexti, sem færðir eru inn í umrædda sparisjóðsbók, þegar til útborgunar kemur, enda sé bókin til reiðu þeim, sem rétt á til bótanna.

Eins og fram kemur hér að framan, er ágreiningsefni málsins það, hver sé hinn tryggði í umræddu tilviki, þ. e. aðalstefnandi, meðalgöngustefnandi eða báðar saman, og enn fremur hvort stefndi hafi fullnægt viðurkenndri skyldu sinni sem tryggjandi með innlögn sinni á tryggingafjárhæðinni í sparisjóðsbók þá, er áður getur.

Samkvæmt 1. tölulið a í bráðabirgðaákvæði laga nr. 108/1972, sem upp er tekinn í tryggingarskírteini sem grundvöllur bóta, er hinn tryggði „nánustu vandamenn (erfingjar)“. 4. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga segir svo: „Hafi vátryggingartaki tilnefnt erfingja sína, taka þeir allir sinn hlut hver vátryggingarfjárhæðarinnar í hlutfalli við erfðarétt þeirra eftir vátryggingartaka, að lögum eða samkvæmt erfðaskrá“, og 5. mgr. greinarinnar segir svo: „Hafi vátryggingartaki tilgreint „nánustu vandamenn“ sína, telst maki vera rétthafi, en sé maki eigi á lífi, þá börn hans“. Upplýst er, að meðalgöngustefnandi og Aðalsteinn heitinn slitu hjónabandi með lögskilnaðarleyfi á árinu 1967, en bjuggu saman í óvígðri sambúð nokkru eftir það fram að andláti hans. Meðalgöngustefnandi var því ekki maki Aðalsteins heitins samkvæmt skilgreiningu íslenskra laga og því ekki erfingi eftir hann samkvæmt erfðalögum. Á hún því ekki rétt til margnefndra bóta eftir ákvæðum tryggingarskírteinisins eða bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 108/1972. Breytir þar eigi um, þótt Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt henni bætur samkvæmt staflið b í margnefndu bráðabirgðaákvæði laganna.

Aðalstefnandi er skilgetin dóttir Aðalsteins heitins, og samkvæmt framansögðu er hún ein rétthafi dánarbótanna, enda eini erfingi hans að lögum.

Eins og áður greinir, lagði stefndi hinn 30. júlí 1974 dánarbótafjárhæðina inn í sparisjóðsbók við Landsbanka Íslands og sendi hana til skiptaráðanda í Reykjavík vegna Aðalsteins heitins. Skiptaráðandi endursendi stefnda sparisjóðsbókina samkvæmt ákvörðun í þinghaldi 24. september 1974, þar sem „að svo komnu máli heyrir úthlutun tryggingafjárins ekki undir skiptarétt“. Hefur stefndi haft sparisjóðsbókina í sínum vörslum frá því. Telur dómurinn, að með þessari innlagningu dánarbótanna hafi stefndi ekki fullnægt skilyrðum laga um „deponeringu“, og verður sýknukrafa hans að því leyti sem hún er á „deponeringu“

byggð ekki tekin til greina. Ber því að dæma stefnda til greiðslu dánarbótafjárhæðarinnar.

Samkvæmt þessu síðaströktu verða vextir ekki ákvarðaðir við innlagningu í umrædda sparisjóðsbók, svo sem stefndi hefur krafist. Með vátryggingarskírteininu tók stefndi á sig greiðslu umræddra bóta miðað við dauða, þ. e. í hér umræddu tilviki við sannanlegt andlát Aðalsteins heitins hinn 24. júní 1973. Telur dómurinn því, að við þann dag beri að miða gjalddaga dánarbótanna, þótt formleg krafa þar um hafi ekki borist stefnanda fyrr en síðar. En þess má geta, að við sjópróf, sem fram fór að beiðni útgerðarmanns út af umræddu atviki hinn 12. júlí 1973, var við það mætt af hálfu beggja hinna stefnandi aðilja, en vaxtakrafa aðalstefnanda í málinu er við þann dag miðuð. Þykir því rétt að miða upphafstíma vaxta af kröfunni við þann dag, en hæð vaxta í kröfugerð er í samræmi við ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Samkvæmt þessu framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að kröfur aðalstefnanda verða teknar til greina að öllu leyti, og ákveðst málskostnaður til hennar kr. 168.000, en sýkna ber stefnda af kröfum meðalgöngustefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður að því er hana varðar falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Kristjáni Aðalsteinssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, á að vera sýkn af kröfum meðalgöngustefnanda, Elínborgar Þorgeirsdóttur, í máli þessu, en málskostnaður að því er hana varðar fellur niður.

Stefndi greiði aðalstefnanda, Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, kr. 1.000.000 með 11,5% ársvöxtum frá 12. júlí 1973 til 15. júlí 1974 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 168.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sér atkvæði

Stefáns M. Stefánssonar.

Ég er sammála dómsniðurstöðu í öllum atriðum nema að því er varðar upphafstíma vaxta. Samkvæmt gögnum málsins tel ég ekki sannað, að stefndi hafi verið krafinn um umræddar bætur

fyrir en um mánaðamótin janúar-febrúar 1974, en við slíka kröfu ber að miða gjalddaga. Tel ég því að upphafstíma vaxta beri að miða við 1. febrúar 1974.

Föstudaginn 24. febrúar 1978.

Nr. 92/1975. **Erlingur Aðalsteinsson**
(Óttar Yngvason hrl.)
gegn
Daníel Brandssyni og
Samvinnutryggingum g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Skaðabótamál. Umferðarlög. Áfrýjunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. júlí 1975. Dómkröfur hans eru aðallega þær, að stefndu verði dæmdir til að bæta honum óskipt það tjón, er hann beið vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 17. júlí 1971 á Fróðastöðum í Hvítársíðu. Til vara krefst hann þess, að sök verði skipt og báðum stefndu verði dæmt skylt að bæta honum óskipt hluta af tjóni hans samkvæmt mati Hæstaréttar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst yfir af umboðsmanni áfrýjanda, að héraðsdómari hafi hvorki tilkynnt honum um þinghald til uppsögu hins áfrýjaða dóms, svo sem skylt er